
Eldisstöð laxfiska í landi

Vestmannaeyjabæ

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 8. júlí 2021 barst Skipulagsstofnun tillaga Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum ehf. að matsáætlun vegna fyrirhugaðs landeldis á laxfiskum Vestmannaeyjabæ samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. lið 10.24 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vestmannaeyjabæjar, Rangárþings eystra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, HS veitna, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar um tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum.

Ný lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana tóku gildi 1. september sl. Þau leysa af hólmi lög nr. 106/2000. Þar sem afgreiðslu á tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum var ekki lokið fyrir gildistöku nýrra laga, fer um afgreiðslu hennar samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021.

2 Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Eldisstöð laxfiska í landi, Vestmannaeyjabæ. Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun. Sjálfbært fiskeldi í Eyjum ehf. og EFLA verkfræðistofa, júlí 2021.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá Vestmannaeyjabæ 23. júlí 2021, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 26. júlí 2021, Fiskistofu 27. júlí 2021, Hafrannsóknastofnun 16. júlí 2021, HS veitum 14. september 2021, Matvælastofnun 13. júlí 2021, Minjastofnun Íslands 19. júlí 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands 23. júlí 2021, Orkustofnun 12. ágúst 2021, Samgöngustofu 24. ágúst 2021, Umhverfisstofnun 13. ágúst 2021 og Vegagerðinni 16. júlí 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 14. september 2021.

3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í framlagðri tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum eru kynnt áform fyrirtækisins um byggingu og rekstur eldisstöðvar í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum felast í uppbyggingu á fiskeldisstöð fyrir laxfiska á efnistökusvæði í austurhluta nýja hraunsins á Heimaey. Áætlunin gerir ráð fyrir allt að 10.000 tonna árlegri framleiðslu á laxfiskum og allt að 5.200 tonna hámarkslífmassa. Í fullbyggðri eldisstöð verða 28 eldisker með þvermálið 26 m og 16 eldisker 16 m í þvermál. Gert er ráð fyrir 16 borholum og að hámarksvinnsla grunnvatns verði 9.000 l/s. Gert er ráð fyrir að byggja stöðina í áföngum. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að reisa helming eldiskara og um 5.000 tonna ársframleiðslu.



Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem varða vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum eða leiðir beint af kröfum í reglugerð við lög nr. 111/2021.

Valkostir

Í tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum er greint frá valkostum sem voru til skoðunar á fyrri stigum sem snúa að staðsetningu innan Vestmannaeyja, afstöðu stöðvar í Viðlagafjöru og tilhögun frárennslis. Varðandi framleiðslugetu stöðvarinnar segir að eingöngu verði lagt mat á aðalvalkost. Ástæður þess er að 10.000 tonna framleiðsla sé það magn sem framkvæmdaraðili þurfi að framleiða til að anna eftirspurn og ná nægri stærðarhagkvæmni. Þó kemur jafnframt fram að mögulega muni framkvæmdaraðili endurmeta þörf fyrir byggingu annars áfanga stöðvarinnar eftir að fyrsti áfangi er kominn í rekstur.

Skipulagsstofnun minnir á að samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar. Stofnunin telur fullt tilefni til fjalla um og meta áhrif af uppbyggingu fyrsta áfanga stöðvarinnar til jafns við aðalvalkost. Enda liggur fyrir að mögulega verður einungis ráðist í uppbyggingu fyrsta áfanga.

Þá bendir Skipulagsstofnun á að ennþá á eftir að útfæra ýmsa þætti varðandi tilhögun framkvæmdarinnar. Einhverjir af þeim þáttum eru þess eðlis að tilefni er til að fjalla um ólíka valkosti og bera saman umhverfisáhrif þeirra.

Vegagerð og lagnir

Í tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum kemur fram að aðgengi að svæðinu sé um Eldfellsveg sem liggur frá Fellavegi og í gegnum hraunið að Viðlagafjöru. Í umhverfismatsferlinu verði kannað hvort hægt verði að loka Eldfellsvegi fyrir almennri umferð, en hluti hans liggur í gegnum framkvæmdasvæðið. Þá kemur fram að vatn- og rafmagnslagnir verði lagðar í vegöxl frá Skansinum austur í Viðlagafjöru.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að hluti Eldfellsvegar er í umsjá Vegagerðarinnar og ef að fyrirhugaðar breytingar verða innan veghelgunarsvæðis skulu þær vera í samráði við Vegagerðina. Aðkoma að vitum er í umsjá Vegagerðarinnar og skal aðgengi að þeim ávallt vera tryggt.

Skipulagsstofnun bendir á að fjalla ber um og meta umhverfisáhrif tengdra framkvæmda á viðeigandi umhverfisþætti.

Auk þess bendir Skipulagsstofnun á að það kann að vera tilefni til að skoða ólíka valkosti varðandi vegagerð komi til þess að Eldfellsvegi verður lokað.

Úrgangsmál og fráveita

Í tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum kemur fram að áætlað sé að við fullan rekstur falli til um 1.500-2.000 tonn af úrgangi á ári vegna fóðrunar. Þá er gert ráð fyrir um að 1.500-1.900 tonnum af úrgangi falli til árlega vegna slátrunar. Ekki liggja fyrir hvernig úrgangi verður ráðstafað en fjallað verði nánar um möguleika á endurnýtingu úrgangs eða förgunar í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögnum Umhverfisstofnunar og Vestmannaeyjabæjar er bent á mikilvægi þess að ráðstöfun úrgangs verði gerð góð skil í umhverfismati framkvæmdarinnar, mikilvægi endurnýtingar úrgangs. Jafnframt er bent á ýmis önnur atriði sem varða úrgangs- og fráveitumál, m.a. aðskilnað frárennslis frá eldiskerjum frá öðru frárennslis, ásamt því að bent er á stefnu stjórnvalda um meðhöndlun úrgangs og Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ítarleg umfjöllun verður um úrgangsmál, fráveitu og meðhöndlun seyru. Tekið verði tillit til ábendinga umsagnaraðila varðandi úrgangs- og fráveitumál auk stefnu stjórnvalda um meðhöndlun úrgangs og Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum.

Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að leiðir verði fundnar til endurnýtingar úrgangs fremur en förgunar. Stofnunin bendir á að meðhöndlun úrgangs sem fellur til í fyrirhugaðri eldisstöð er hluti af fyrirhugaðri starfsemi og þarf eftir atvikum að meta áhrif meðhöndlunar úrgangs á viðeigandi umhverfisþætti. Jafnframt bendir stofnunin á að þar sem ekki liggur fyrir hvað verður um úrgang getur verið tilefni til að fjalla um ólíka valkosti varðandi meðhöndlun úrgangs og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa.

Viðtakatjörn

Í tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum segir að lagnakerfi að viðtakatjörn verði útbúið neyðaryfirfalli sem leitt verði niður í fjöru. Hægt verði að leiða frárennsli um það til sjávar þegar og ef hreinsa þarf botn aðaltjarnar eða til annars viðhalds.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í umhverfismatskýrslu verði fjallað um notkun á neyðaryfirfalli, tíðni notkunar áætluð sem og magn næringarefna sem kann að berast til sjávar við notkun neyðaryfirfalls.

Jarðefni

Í kafla 3.5.5 í tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum er greint frá því hvernig fyrirhugað er að fjalla um áhrif efnisvinnslu á jarðefnalager Vestmannaeyja. Þar kemur m.a. fram að fyrirhugað er að fjalla um fyrirkomulag við geymslu á bögglabergi sem fjarlægja þarf af framkvæmdasvæði.

Í umsögn Vestmannaeyjabæjar er bent á þann möguleika á að nota óvirkan úrgang og jarðefni frá uppgreftri við framkvæmdirnar. Einnig vikið að verðmæti bögglabergsins fyrir framtíðaruppbyggingu í Vestmannaeyjum auk þess er bent á mikilvægi þess að áfram verði hægt að taka efni úr fjörुकambinum í Viðlagafjöru. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið verði tillit til ábendinga Vestmannaeyjabæjar við gerð umhverfisskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir á að ef framkvæmd leiðir til flutnings og geymslu á bögglabergi þarf eftir atvikum að meta áhrif þess á viðeigandi umhverfisþætti. Einnig bendir Skipulagsstofnun á að með hliðsjón af takmörkuðu framboði af jarðefnum í Vestmannaeyjum þarf mat á áhrifum á jarðefnalager Vestmannaeyja að taka tillit til mögulegra takmarkana á efnistöku úr fjörुकambi.

Jarðmyndanir og verndarsvæði

Í tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum kemur fram að hraunið á framkvæmdarsvæðinu hafi verið nýtt til efnistöku til margra ára og þar af leiðandi hefur svæðið tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndanir og nýtur því ekki sérstakrar verndar samkvæmt lögunum. Við hönnun á lóð fiskeldisins var áhersla lögð á að gæta þess að lóðin næði ekki inn á þau svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum eða eru innan hverfisverndar. Einnig er gert ráð fyrir því að rafmagns- og vatnsveita verði grafin meðfram núverandi vegi og því er ekki talin þörf á ítarlegu mati um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin að ástæða sé til að leggja mat á áhrif á jarðmyndanir og náttúru- og hverfisverndarsvæði. Verndargildi eldhraunsins sem umlykur framkvæmdasvæðið er það hátt að full ástæða er til að leggja mat á hvort einhverjir áhrifaþættir geti haft áhrif út fyrir framkvæmdasvæðið þannig að hraunið verði fyrir áhrifum. Þá er ljóst að afleiddir þættir eins og möguleg tilfærsla á Eldfellsvegi og aukin umferð þungaflutninga geti aukið hættuna á að hrauni verði raskað. Telur stofnunin fulla ástæðu til að meta hvort áhrif frá framkvæmdum eða starfsemi hafi áhrif inn á þessi svæði með einhverjum hætti.



Þrátt fyrir að fyrirhuguð eldisstöð verður staðsett á svæði sem þegar hefur verið raskað þá er það umlukið eldhrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og svæðum sem njóta hverfisverndar ásamt því að vera innan svæðis á náttúruminjaskrá sem nýtur verndar á grundvelli landslags og jarðminja. Þar af leiðandi telur Skipulagsstofnun fullt tilefni til að meta áhrif áhrif framkvæmdar á verndargildi svæðis nr. 723 á náttúruminjaskrá, aðliggjandi hverfisverndarsvæða og svæða sem njóta verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd. Við slíkt mat þarf að taka tillit til rasks, sjónrænna áhrifa og ónæðis vegna umferðar og starfsemi.

Næmi framkvæmdar fyrir náttúruvá

Í tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum kemur fram að fyrirhugað sé að vinna hættumat fyrir framkvæmdasvæðið með tilliti til náttúruvá.

Vestmannaeyjabær bendir á að töluvert brim geti verið í Viðlagafjöru og hreyfingar á strandlínu auk þess að mikilvægt sé að taka tillit til mögulegra áhrifa vegna breyttrar sjávarstöðu af völdum loftslagsbreytinga og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum eftir því sem þörf verður talin á.

Skipulagsstofnun bendir á að leiði hættumat til þess að byggðar verði brimvarnir þarf að gera grein fyrir þeim í umhverfismatsskýrslu og meta umhverfisáhrif þeirra eftir því sem við á.

4 Niðurstaða

Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Sjálfbærs fiskeldis í Eyjum ehf. að matsáætlun ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu þarf að:

1. **Valkostir.** Fjalla um og bera saman umhverfisáhrif vegna eldisstöðvar með 5.000 tonna ársframleiðslu (1. áfangi) og eldisstöðvar með 10.000 tonna ársframleiðslu (fullbúin eldisstöð). Þá bendir Skipulagsstofnun á að ennþá á eftir að útfæra ýmsa þætti varðandi tilhögun framkvæmdarinnar. Einhverjir af þeim þáttum eru þess eðlis að tilefni er til að fjalla um ólíka valkosti og bera saman umhverfisáhrif þeirra.
2. **Vegagerð og lagnir.** Fjalla um og meta umhverfisáhrif tengdra framkvæmda á viðeigandi umhverfisþætti. Auk þess bendir Skipulagsstofnun á að það kann að vera tilefni til að skoða ólíka valkosti varðandi vegagerð komi til þess að Eldfellsvegi verði lokað.
3. **Úrgangsmál og fráveita.** Meta eftir atvikum áhrif meðhöndlunar úrgangs á viðeigandi umhverfisþætti. Jafnframt bendir stofnunin á að þar sem ekki liggur fyrir hvað verður um úrgang getur verið tilefni til að fjalla um ólíka valkosti varðandi meðhöndlun úrgangs og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa.
4. **Viðtakatjörn.** Fjalla um notkun á neyðaryfirfalli, tíðni notkunar áætluð sem og magn næringarefna sem kann að berast til sjávar við notkun neyðaryfirfalls.
5. **Jarðefni.** Meta eftir atvikum áhrif ef framkvæmd leiðir til flutnings og geymslu á bögglabergi á viðeigandi umhverfisþætti. Einnig bendir Skipulagsstofnun á að með hliðsjón af takmörkuðu framboði af jarðefnum í Vestmannaeyjum þarf mat á áhrifum á jarðefnalager Vestmannaeyja að taka tillit til mögulegra takmarkana á efnistöku úr fjörुकambi.
6. **Jarðmyndanir og verndarsvæði.** Meta áhrif framkvæmdar á verndargildi svæðis nr. 723 á náttúruminjaskrá, aðliggjandi hverfisverndarsvæða og svæða sem njóta verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd. Við slíkt mat þarf að taka tillit til rasks, sjónrænna áhrifa og ónæðis vegna umferðar og starfsemi.



-
7. **Mögulegar brimvarnir.** Gera grein fyrir eftir atvikum mögulegum brimvörnum í umhverfismatsskýrslu og meta umhverfisáhrif þeirra eftir því sem við á, verði niðurstaða hættumats að þörf sé á slíkum vörnum.

Reykjavík, 15. október 2021.

Egill Þórarinsson

Jón Smári Jónsson